



VÍSIR



Málgagn Ungmennafélagsins Mána í Nesjum

Ráttgjafar og ábyrgðarmenn: Sigurður Óskar Jónsson og Sveinn Rúnar Ragnarsson

Fylgt úr hlaði

Vísir, málgagn ungmennafélagsins Mána í Nesjum, kemur nú út í sjöunda sinn í núverandi mynd. Líkt og í fyrra er blaðinu nú dreift inn á öll heimili í Austur-Skaftafellssýslu.

Árið sem nú er að líða var kannski með rólegra móti en undanfarin ár. Frjálsíþróttastarfið er í lægð og Máni tók ekki þátt í Íslandsmótinu í knattspyrnu á árinu. Alltaf er þó ágætlega mætt á þrettándagleði og 17. júní hátíðahöld. Mánamenn hafa farið í vetrargöngu milli jóla og nýárs undanfarin ár. Frekar fáir hafa mætt í tvö síðustu skipti, en við ætlum að reyna einu sinni enn.

Í blaðinu er að vanda stiklað á stóru yfir starfsemina á árinu. Hryggjarstykki blaðsins að þessu sinni er grein um uppruna Hornfirðinga og keltnesk örnefni í Nesjum. Þar kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós, en rétt er að taka greininni ekki sem heilögum sannleik, heldur mikið frekar sem skemmtilegum vangaveitum.

Þá er í blaðinu yfirlit yfir viðburði í Nesjum um hátíðirnar og auðvitað nokkrar þrautir og gátur sem lesendur geta spreytt sig á yfir jólakonfektinu. Svörin verða gefin upp að lokinni vetrargöngu Mána sem verður 30. desember. Þau verða þar að auki birt í næsta blaði að ári.

Starfsemin á árinu 2016

Starfsemin á árinu var með hefðbundnum hætti. Nýtt tölublað af Vísi kom út rétt fyrir síðustu jól og var því í fyrsta sinn dreift inn á öll heimili í Austur-Skaftafellssýslu.

Vetrarganga Mána fór fram 27. desember. Litlu munaði að hægt væri að segja að á annan tug göngumanna hafi mætt. Það voru þó allavega 10 með hundinum. Gengið var frá Mánagarði, upp í Hæðagarð og upp á Stórhól. Þaðan var gengið eftir hólum og þúfum í áttina að Meðalfelli, þangað til komið var að veginum inn í Laxárdal. Honum var svo fylgt niður að Mánagarði aftur, alls um 2,5 km. Það hefði verið gaman að fara eitthvað lengra, en veðrið var ekkert sérstaklega gott, hvass vindur og rigning þegar á leið.

Þrettándaglegði UMF Mána var haldin niður á Völlum laugardaginn 9. janúar vegna óhagstæðs veðurútlits á Þrettándanum, kveikt var í kl. 18:00. Veðrið var ágætt þó að mikið hafi éljað. Það tókst vel að láta bálköstinn loga og Björgunarfélag Hornafjarðar var svo að vanda með tilkomumikla flugeldasýningu sem var hápunktur kvöldsins.

Aðalfundur Mána var haldinn 14. mars og á hann mættu 12 manns. Stjórnin var endurkjörin og í henni sitja því:

Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi, formaður,
Sigurður Ragnarsson, Akurnesi, ritari,
Ásta Steinunn Eiríksdóttir, Árnesi, gjaldkeri,
Halldór Einarsson, Þinganesi, meðstjórnandi,
Sigurður Óskar Jónsson, Stapa, meðstjórnandi.

Björn Ármann Jónsson, Stapa, varamaður,

Hannes Halldórsson, Þinganesi, varamaður,
Reynir Ásgeirsson, Seljavöllum, varamaður.

Skoðunarmenn reikninga eru Grétar Már Þorkelsson og Valgerður Egilsdóttir. Vallarstjóri er sem fyrr, Birgir Freyr Ragnarsson. 83. ársþing USÚ var svo haldið á Hótel Höfn þremur dögum síðar og á það mættu 6 fulltrúar frá Mána.

Stuttu fyrir 17. júní mættu nokkrir Mánamenn á gamla leikvöllinn við Brekkubæ og kláruðu frágang við endurbætur hans frá því í fyrra. Nú eru komin upp tvö hlið sem auðvelt er að ganga um. Einnig voru keypt nokkur útileguborð svo þægilegra sé að halda þarna mannamót.

Að venju var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur. Veðrið var afar gott, vestlæg átt, nokkuð skýjað og hiti í kringum 13°C. Göngufólkið lagði af stað frá Mánagarði. Gengið var niður að hestamannavelli, norður að hesthúsunum og upp tún sunnan Austurhóls. Þá var loks komið að gamla leikvöllinum. Þar var skemmtidagskrá auk þess sem farið var í hefðbundna leiki, m.a. pokahlaup, naglaboðhlaup og reiptog. Að lokum voru grillaðar pylsur og auðvitað var karamelluregn. Ágætlega var mætt í gönguna, en enn betur í dagskrána á eftir. Stjórn Mána vill þakka öllum sem mættu kærlega fyrir komuna.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá laugardaginn 10. desember s.l. en engin sérstök dagskrá var í kringum það. Jólatréð var keypt af Kiwanisklúbbum Ósi.

Uppruni Hornfirðinga

Uppruni Íslendinga hefur oft á tíðum borið á góma í gegnum aldirnar og telja menn nú að landsmenn séu að stærstum hluta komnir út af Norrænum mönnum og Keltum, þó oft hafi keltnesku rótunum ekki verið sérstaklega hampað. Í Íslendingasögunum má meðal annars sjá þessi áhrif í mannanöfnum t.d. Kjartan, Katla, Dufþakur og Njáll, og viðurnefnum s.s. bjólan og feilan. Sameindafræðilegar rannsóknir á hvatberaarfgerðum úr Íslendingum, Bretum og öðrum Norðurlandabúum leiddu í ljós að rúmur helmingur landnámskvenna rakti kvenleggi sína til Bretlandseyja en fimmtungur landnámskarla rakti karlleggi sína þangað. Það er því ljóst að það var ekki einsleitur hópur Norrænna manna sem nam hér land heldur fjölbreyttari flóra fólks af mismunandi þjóðerni og samfélagsstöðu.

Í bókinni *Að breyta fjalli* eftir Stefán Jónsson greinir hann frá mannfræðilegum kenningum Ólafs Sveinssonar frá Firði. Ólafur taldi að Hornfirðingar væru mun skyldari Keltum en aðrir landsmenn og þó sérstaklega væru þeir frábrugðnari Austfirðingum. Í bókinni segir frá því þegar Ólafur var sendur af Landsbankanum til að gæta þrotabús Þórhalls Daníelssonar kaupmanns. Fyrir reynsluleysi var hann of seinn að panta nankinsfatnað, frá Osló, í verslunina fyrir vetrarvertíðina. Til að bjarga málunum náði hann að panta fatnaðinn frá Dyflinni og fékk þau um áramótin. En þegar vetrarvertíðin hófst þá féll sniðið ekki að vexti Austfirðinga, þau voru of þröng um axlir og mjaðmir, og því seldust þau ekki vel. En um vorið þegar Hornfirðingar komu til að versla runnu nankinsfötin út því nú fengust loks föt sem hæfðu þeirra vaxtarlagi. Ólafur taldi þó að þeir sem byggju vestan Hornafjarðarfljóta væru meira út af Keltum en þeir sem bjuggu í Nesjum og Lóni því þeir hefðu blandast Austfirðingum meira.

En er mögulegt að finna ummerki um þessi „landnámssamfélög“ í okkar nánasta umhverfi án þess að lesa fornleifarannsóknir og fornsögurnar eða spá í meintum vaxtareinkennum meðbræðra sinna? Svárið felst í tungumálinu og uppruna þess. Íslenska er germanskt tungumál á meðan fornírsku, sem líklegt er að fólk upprunið af Bretlandseyjum og fluttist til Íslands hafi talað, er keltneskt tungumál. Germönsk og keltnesk tungumál eru bæði af indóevrópskum málstofni og því af sama meiði þó fjarskyld séu. Það má því gera ráð fyrir að þau hafi verið nokkuð ólík við landnám. Enn þann dag í dag eru töluð tungumál á Bretlandseyjum sem komin eru af fornírsku t.d. írsk- og skosk gelíska. Það er því áhugavert að skoða umhverfið og kanna hvort að örnefnin í kringum okkur geti átt rætur sínar að rekja til keltneskrar tungu. Það má gera með aðstoð íslenskrar - skosk gelískrar orðabókar sem finna má á veraldarvefnum. Hér að neðan koma nokkrar vangaveltur um örnefni í Nesjum og víðar í Austur-Skaftafellssýslu sem að við fyrstu sýn virðast ekki hafa yfir sér keltneskt yfirbragð.

Geitafell í Hoffellsfjöllum er myndarlegt fell með skógi vöxnum hliðum og gabbróklettum. Við fyrstu hlustun virðist liggja beint við að fellið hljóti að vera nefnt í höfuðið á geitum sem þar hafi stiklað um klettana. En ef horft er á orðið „geit“ kann að vera að það megi rekja uppruna sinn til gelíska orðsins „*geata*“ sem merkir hurð, dyr eða hlið. Má vera að upprunalega merking Geitafells sé Dyrfell? Annað dæmi er fjallið Beinageit sem er í grennd við Borgarfjörð eystri. „Beinn“ merkir fjall eða fjöll á gelísku og þar með er hægt að álykta að Beinageit þýði Dyrfjall á íslensku.

Kráksgil er líka að finna í Hoffellsfjöllum og er talsvert framan við Geitafell. Þetta er gríðarstórt gil með þverhniptum klettabeltum. Það má ímynda sér að í þessu tilfelli gæti orðið krákur verið dregið af

gelíska orðinu „*carraig*“ sem táknar hamar, bjarg eða klettur. Önnur örnefni hér í kring s.s. Kex á Horni og Kexishöfði í Skarðsfirði gætu jafnframt átt uppruna sinn að rekja til gelíska orðsins „*creag*“ sem merkir jafnframt hamar, bjarg eða klettur.

Meðalfell er landnámsbýli og á Ketill nokkur að hafa keypt lönd af Hrollaugi og búið þar. Meira er ekki vitað um Ketil né hvers vegna bærinn fékk nafnið Meðalfell. Það er þó nokkuð forvitnilegt að gelíska orðið „*meall*“ merkir fell eða hæð á gelísku. Það er því spurning hvort um tvínefni sé að ræða, fellfell. Þess má geta að Ketill er keltneskt nafn.

Selvatn er stöðuvatn austanmegin í Laxárdal í Nesjum. Inn á Laxárdal má finna fjölda örnefna sem tengjast seljum beggja megin ár. Það er eðlilegt enda dalurinn verið nýttur til beitar frá landnámi. Það er þó áhugavert að benda á að gelíska orðið „*sealg*“ merkir veiði. Það gæti hugsast að í einhverjum tilfellum geti orðið sel átt uppruna sinn að rekja til gelíska orðsins *sealg*. Þá þýddi Selvatn í rauninni veiðivatn. Það er líka hægt að heimfæra þessa kenningu upp á önnur þekkt örnefni eins og t.d. Selfoss og Selvog.

Flotbeinsdalur er dalur sem liggur frá vatnaskilum milli Nesja og Lóns og fram á Galtartungur í Lóni. Orðið flot gæti í þessu tilviki vísað til vatnsaga, þ.e.a.s. að dalurinn liggur upp á vatnaskil. Eins og segir hér að ofan táknar gelíska orðið „*beinn*“ fjall. Þar með þýði örnefnið flotfjallsdalur eða á nútíma íslensku vatnsfjalladalur. Vert er að minna á það að vatnaskilin milli Nesja og Lóns, um Endalausadal, heita Vatnsföll og þar upp af Vatnsfallatindar.

Fagrihjalli er hjalli sem liggur frá vatnaskilum milli Nesja og Lóns og fram á Galtartungur í Lóni. Í rauninni má segja að Loðnihjalli,

sem er vestanmegin á Laxárdal í Nesjum, og Fagrihjalli í Lóni séu sameiginleg landsslagsheild en breyti um nafn á leiðinni yfir vatnaskilin. Gelísku orðin „*faiyr*“ og „*feur*“ þýða gras. Það mætti því álykta að í þessu tilfelli gæti orðið fagur táknað gras, þ.e. grashjalli. Enda vísar heitið á honum í Nesjum, þ.e. Loðnihjalli, í það hve grasgefinn hann er. Það sama gæti átt við fleiri örnefni hér í sýslu sem hefjast á orðinu fagur t.d. Fagridalur og Fagrahlíð.

Stóralág er bær í Nesjum sem stendur nálægt stöðuvatninu Þveit. Mörgum þykir bærinn bera sérstakt nafn enda liggur kannski ekki í augum uppi fyrir nútíma Íslendinga hvað bæjarnafnið merkir. Lág er íslenskt heiti yfir lægð í landslagi og mikið er um hæðir og lægðir á Innbyggðinni í Nesjum. Það er þó vert að benda á það að gelíska orðið „*loch*“ þýðir stöðuvatn og er líkt orðinu lág. Það gæti því hugsast að bærinn dragi heiti sitt af Þveitinni, þ.e. Stórvatn. Hér verður þó ekki úrskurðað um það.

Að lokum er vert að minnast á **Klukkugil** sem skilur að Staðarfjall (Papbýlisfjall) og Steinafjall í Suðursveit. Frásagnir herma að íbúar Papbýlis hafi falið eða hent þar klukkum og gilið dragi nafn sitt af því. Rétt er þó að geta þess að gelíska orðið „*clach*“ þýðir steinn og minnir óneitanlega á orðið klukka. Nokkuð er af örnefnum á þessu svæði sem draga nafn sitt af orðinu steinn og auk þess er talið að þarna hafi papar búið. En hvort að heiti gilsins þýði steinagil eða dragi nafn sitt af klukkum papanna skal ósagt látið.

Þessi upptalning hér að ofan er hvorki tæmandi né óumdeilanleg og jafnvel hefur ímyndunaraflið borið raunsæið og skynsemina ofurliði. En örnefni segja okkur samt sögu kynslóðanna sem bjuggu og nýttu landið á undan okkur. Það er því um að gera að velta þeim fyrir sér rétt eins og öðrum sagnfræðilegum heimildum. Við sjáum líka enn

Þann dag í dag hvernig þau breytast og verða til. Nægir þar að nefna örnefni eins og „Crystal cave“ og „Waterfall Icecave“ sem laða að sér þúsundir ferðamanna. Málverndarmönnum kann þó að þykja þau hálfgerð skítasletta á hinu ástkæra og ylhýra og slæmt fordæmi. En þeir geta þá huggað sig við það að líklega mun hlýnun jarðar sjá um að þau hverfi í fyrirsjáanlegri framtíð.

Viðburðir í Nesjum um hátíðirnar

25. desember, jóladagur:

Hátíðarguðsþjónusta í Bjarnaneskirkju kl. 14:00.

27. desember:

Jólaball Kvenfélagsins Vöku, hefst kl. 16:00 í Mánagarði.
Rétt er að geta þess að aðgangur er ókeypis.

28. desember:

Félagsvist Kvenfélagsins Vöku, fyrsta kvöld af þremur.
Hefst kl. 20:00 í Mánagarði. (hin kvöldin verða 4. og 11. janúar.)

30. desember:

Vetrarganga Mána 2016, lagt af stað frá Mánagarði kl. 13:00.
Hátíðarguðsþjónusta í Hoffellskirkju kl. 14:00.

6. janúar 2017, þrettándinn:

Þrettándagleði kl. 20:30, niðri á Völlum við Laxá í Nesjum.

Jólaþrautir

1. Jóna var að leita að þúsundkalli sem hún hafði skilið eftir á borðinu. Hún sá að Jói var með þúsundkall og bað hann um að skila honum. „Þetta er ekki þinn þúsundkall, ég fann hann á milli blaðsíðna 15 og 16 í nýju bókinni hans Arnaldar Indriðasonar“ sagði Jói. „Það er lygi og ég get sannað það!“ sagði Jóna. Hvernig getur Jóna sannað að þetta sé lygi?
2. Sjö menn voru á leið til kirkju. Á leiðinni fór að rigna og sex þeirra blotnuðu. Af hverju blotnaði sá sjöundi ekki?
3. Ef þú kastar venjulegum teningi, og talan 1 kemur upp níu sinnum í röð, hvað eru þá miklar líkur á að talan 1 komi upp í tíunda skiptið?
4. Mamma hans Gumma átti fjóra syni. Hún lét skíra þann elsta Mánudag, næsta Þriðjudag og þann þriðja Miðvikudag. En hvað hét fjórði sonurinn?
5. Ég er hús með öngum tveim,
Í mér liggja bræður fimm.
Í hörðum kulda hlífi ég þeim,
Þó hríðin verði köld og grimm.
6. Flokksins merki fuglinn er,
flónskur líka nafnið ber.
Með greini er hann gamalt blað,
En gátan skánar lítt við það.

Svörin við þrautunum verða kynnt að lokinni vetrargöngu Mána þann 30. desember næstkomandi.

Prautir og svör úr síðasta blaði, 2015:

1. Á 10. hæð í blokk í ónefndum bæ býr dvergur. Hann vinnur úti, en þegar hann kemur heim úr vinnunni tekur hann alltaf lyftuna upp á 9. hæð og fer svo upp stigann. Undantekningin eru rigningardagar, því þá fer hann alla leið upp á 10. hæð með lyftunni. Hvernig stendur á því?

Svar: Hann er með regnhlífina sína á rigningardögum og getur notað hana til að teygja sig upp í réttan takka í lyftunni.

2. Maður nokkur var úti að keyra. Ljósinn á bílnum voru ekki kveikt, það var ekki kveikt á neinum ljósastaurum og það var ekkert tunglsljós. Nokkru framan við bílinn var kona að fara yfir götuna. Hvernig sá maðurinn konuna?

Svar: Þetta var um hábjartan dag. Hann þurfti ekkert aukaljós.

3. Herra Blár býr í bláa húsinu, herra Gulur býr í gula húsinu og herra Brúnn býr í brúna húsinu. En hver býr í hvíta húsinu?

Svar: Forseti Bandaríkjanna

4. Mælir lengd á ljóssins för, liggja skal hún keipnum á, flytja aur um foss og skör, fjórða hvert það kallast má.

Svar: Ár

5. Á henni allir fljótt fá leið, flytur ávallt sama sönginn. Geymir hressandi gleðiseið, geymsluþolnu matarföngin.

Svar: Dós

6. Uppi í tré hann söngva syngur, sumir tína í skógi hnetur, í búri býr með langa fingur, á blárri regnhlíf flogið getur.

Svar: Mýs úr dýrunum í Hálsaskógi

*Gledileg jól og farsælt
komandi ár.*

Þökkum árið sem er að líða.

Stjórn Umf. Mána.

